



Skýrsla vegna fundar leikskóladeildar Norrænu kennarasamtakanna (NLS) í Reykjavík 6. og 7. júní 2016

Mánudagur 6. júní 2016

Fundurinn hófst á Grand Hótel með því að Anders Rusk framkvæmdarstjóri NLS bauð fundarmenn velkomna. Fundurinn var sameiginlegur fundur allra deilda (skólastiga) innan NLS. Anders fjallaði um þemu ársins, en megin þemað þetta árið verður *Skóli framtíðarinnar og kennarar*. Undirþemu verða; Ný tækni og skólaþróun

Nýir og ungir kennarar

Alþjóðamál;

a) Global response

b) Málefni flóttamanna

Anders sagði frá því að venju samkvæmt hefði átt að vera annar fundur á Íslandi í haust en Íslendingar hafi boðið Færeyingum að halda þann fund og verður hann 19. og 20. september 2016. Hann fór síðan yfir dagskrá fundarins og bauð Jón Torfa Jónsson prófessor við HÍ velkomin.

Dr. Jón Torfi Jónsson fjallaði í erindi sínu um skóla framtíðarinnar og skipti erindi sínu í þrjú kafla með umræðum á milli. Kennaramenntun er að breytast, gæðin eru að aukast og námið er að lengjast. Ríkið vill stýra kennaramenntuninni það er ekki raunin hjá öðrum starfsstéttum eins og lögfræðingum eða hjúkrunarfræðingum.

Sjálfstæði kennara mun vera mikilvægt atriði í umræðunni og kennslunni á næstu áratugum. Erum við að undirbúa kennara fyrir skóla framtíðarinnar? Vitum við hvernig skóli framtíðarinnar verður? Við vitum mikið um skóla framtíðarinnar þótt við teljum okkur ekki gera það. Það verða önnur markmið kennslu í skóla framtíðarinnar. Við höfum stefnur, námsskrár, menningarlegar hindranir. Einnig þróast tæknin mjög hratt. JT veltir fyrir sér hversu langt námskrár eiga að ganga í að vera stýrandi fyrir kennara. Skiptar skoðanir eru á því hvort námskrár séu í raun nauðsynlegar. Það er hins vegar ekkert sem bendir til þess að kennarinn sé að verða óþarfur vegna tækniþróunar. Kennarar verða hins vegar að vera óhræddir að nýta sér tæknina í kennslunni.

Kennarinn á að vera miðja menntunarinnar. Geta kennararnir stýrt skólunum inn í framtíðina? Hafa þeir rýmið og hæfnina til að gera það? JT treystir kennurunum best til þess. Betur en ríki og sveitarfélögum. JT taldi að of stýrandi kjarasamningar varðandi vinnutíma kennara taki af þeim sjálfstæði. Atvinnulífið á alls ekki að stjórna skólum. Það er nauðsynlegt að skilja hvernig þróunin virkar. Kennaramenntunin er ekki bara fyrir nýja kennara heldur verður símenntun og starfsþróun að vera fyrirferðamikil alla starfsævina. Kennarasamtök verða taka frumkvæði í þróun kennaramenntunar.

Tryggvi Thayer framtíðarfræðingur sagði frá starfssemi *MenntaMiðju* (<http://menntamidja.is/>) stofnunar hennar, markmið og framtíðarmöguleikum.

MenntaMiðja er samráðsvettvangur sem er ætlað að byggja brýr milli aðila innan skólasamfélags með því að skapa vettvang til samstarfs um þróun starfisins. Það eru mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, KÍ, Menntavísindasvið HÍ, Hug- og

félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri og Reykjavíkurborg sem standa að *MenntaMiðju*. *MenntaMiðja* er eins konar umgjörð utan um grasrótastarf sem sprottið hefur upp í tengslum við starf sem fer fram á samstarfsvettvangi skólafólks á netinu, eða s.k. torgum.

MenntaMiðja er samfélag um skólastarf. Þar sem áhugasamir taka þátt í samfélagi sem á rætur í sameiginlegum gildum og trausti. Fólk gefur til samfélagsins og fær það sama í staðinn. Fólk styður hvert annað og nýtur þess að vinna og læra saman.

Með *MenntaMiðju* er lögð áhersla á tengingar milli stofnana, milli skóla og að mynda tengingar við fræðasamfélagið með gagnkvæman ávinning allra aðila að leiðarljósi.

Tryggvi sagði einnig frá *SAMSPIL2015*.

Samspil 2015: UT-átak [Menntamiðju](#) var heildstætt verkefni þar sem nýttar voru fjölbreyttar leiðir til að stuðla að og styðja við notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Verkefnið var styrkt af Rannís og byggt á sérþekkingu sem til hefur orðið á Menntamiðju í samstarfi við ýmsa aðila um símenntun og starfsþróun og bæði inntak og skipulag tekur mið af reynslu í fjölda þróunarverkefna og rannsókna. Boðið var upp á staðbundin námskeið víða um land, fræðslu og eftirfylgni á netinu í tengslum við starfsemi Menntamiðju og starfssamfélaga skólafólks.

Markmið verkefnisins var að stuðla að aukinni þekkingu, umræðu og notkun á upplýsingatækni í námi og kennslu. Þetta var annars vegar gert með námskeiðahaldi og hins vegar með því að efla samfélög sem snúast um starf kennara á netinu sem vettvang fyrir áframhaldandi samskipti, samstarf og starfsþróun skólafólks. Auk þess að kynnast tækninýjungum og kennsluaðferðum á staðbundnum námskeiðum lærðu þátttakendur að nota vefmiðla, t.d. vefsvæði torga, Facebook-hópa, #menntaspjall á Twitter, YouTube og fleira. Á þessum miðlum gátu þátttakendur leitað ráða, miðlað af eigin reynslu og þekkingu og skipulagt samstarfsverkefni til að efla sig í starfi. Samspil 2015 tókst afar vel og í framtíðinni munu þátttakendur halda áfram að vinna saman og skiptast á hugmyndum á notkun upplýsingatækni í skólastarfi.

Hans Ole Rian tónlistarkennari sagði frá starfssemi félags tónlistarskóla í Noregi og starfsemi tónlistarskóla. Hann fjallaði um hversu þrengt hefur verið að listnámi barna síðustu ár, eða í takt við útkomu landsins í PISA prófum. Meiri áhersla hefur verið á bókleg fög á kostnað bæði hreyfingar og skapandi greina. Markmið samtakana er að styrkja samstarf milli norrænu félaganna, læra af hver öðrum og efla tónlistamenntun. Tónlistarkennarar á norðurlöndunum eru um 20.000.

Eftir hádegi bauðst þátttakendum að fara í hvalaskoðun eða borgarrölt með Birnu Þórárdóttur. Hvalaskoðunin var að sögn þátttakenda mjög skemmtileg og áhugaverð. Gestirnir sáu fjórar tegundir hvala og hnúfubakurinn sýndi listir sínar á haffletinum. Svo var að heyra að gestirnir væru afar ángæðir með ferðina út á Faxaflóa.

Gönguferðin með Birnu var einnig áhugaverð. Birna fræddi gestina um Ungfrú Reykjavík og lagði áherslu á hversu ung borg Reykjavík er. Hún þræddi helstu stræti sem kennd eru við goðin í Goðafræðinni. Hún bauð gesunum til stofu á heimili sínu. Sjá m.a. hér í myndum frá heimsókninni.

Síðdegis var gestunum svo boðið í tónlistarhúsið Hörpu. Við fengum leiðsögn um húsið og þótti gestunum það afar áhugavert. Að lokinni hringferð um húsið var sest niður á veitingahúsinu á fyrstu hæð og snæddur kvöldverður.

Priðjudagur 7. júní 2016

Þennan dag funduðu skólastigin í sitthvoru lagi og var leikskóladeildinni boðið í heimsókn í leikskólann Álfaheidi í Kópavogi. <http://alfaheidi.kopavogur.is/> Gestirnir fengu höfðinglegar móttök frá elstu börnum leikskólans sem sungu fyrir þau nokkur lög. Svo hlustuðu þeir á tvö erindi sem Raket Ýr Ísaksen sérkennslustjóri og Bergrún Ísleifsdóttir sérgreinastjóri í listum fluttu á glimrandi góðri dönsku. Gestirnir höfðu orð á því að þær töluðu eins og innfæddir. Raket Ýr fræddi gestina um lífsmennt og stefnu leikskólans og Bergrún sagði frá listnámi barnanna, teiknitúlkun og fl. Gestirnir skoðuðu svo leikskólann bæði inni og úti.

Að lokinni heimsókninni var gestunum boðið til hádegisverðar á veitingastaðinn Ask á Suðurlandsbraut. Þar þakkaði Haraldur formaður FL gestunum fyrir komuna og óskaði þeim góðrar heimferðar.

Skýrslur félaganna

Að þessu sinni var ekki tími til að fara yfir helstu fréttir frá félögum svo við látum nægja að segja frá því helsta sem fram kemur í þeim. Skýrslurnar í heild er að finna hér.

Svíþjóð

Eftir margra ára þrýsting hefur sænskum leikskólakennurum tekist að fá inn í reglur hvað varðar fjölda barna á deild. Núna eru viðmiðin heldur færri börn á deild, en áður hefur verið. Nú er talið æskilegt að börn 1-3 ára séu 6-12 börn í hóp og 4-5 ára 9-15 börn í hóp. Þættir eins og mönnun og menntun ætti að hafa áhrif á stærð hópsins. Í dag, eru að meðaltali 17 börn í hóp á aldrinum 1-5 ára. Nýju viðmið eru aðeins tillögur og eru ekki bindandi fyrir leikskólastjóra. Félagið ætlar að veita sveitarfélögum svigrúm til þess að aðlagast þessu.

Finnland

Árið 2013 voru leikskólamála í Finnlandi færð frá félags- og heilbrigðisráðuneytinu yfir í menntamálaráðuneytið. Skipaður var starfshópur, sem stéttarfélag leikskólakennara átti fulltrúa í. Starfshópurinn var ósammála um flest sem tekið var fyrir en skilaði skýrslu vorið 2014 sem í voru fullt af sérþóknunum. Það var svo sveitarfélaganna að finna út úr því hvernig þeir ætluðu að framkvæma menntun yngstu barnanna. Ríkisstjórnin samþykkti ný lög árið 2015 og í fyrsta sinn var þeim gefið nafnið Lög um leikskóla. Í þeim er í fyrsta sinn skilgreind skýr réttur barna til að sækja leikskóla og að þar fer fram markviss menntun ungra barna. Skipuð hefur verið nefnd sem skrifa á námskrá fyrir leikskóla og á þeirri vinnu að vera lokið vorið 2017.

Í lögum er kveðið á um barnafjölda per. leikskólakennara og gert ráð fyrir 7 börnum á hvern ef börnin eru eldri en þriggja ára og 4 börn per. leikskólakennara ef börnin eru yngri en þriggja ára. Í lögum er tekið fram að heimavinnandi foreldrar fái ekki lengri dvöl fyrir barnið sitt en 20 klst. á viku. Þannig að þegar foreldrar fara í fæðingarorlof eða eru atvinnulausir þá skerðist dvöl barnsins. Leikskólakennarar gerðu hvað þeir gátu að fá þessu breytt, en það tókst ekki. Þannig að enn þann dag í dag er ekki litið á leikskólann sem menntastofnun, heldur er dagvistunarúrræðið sem vegur þyngra.

Ísland

Á Íslandi bar það hæst að félagið hefur verið að vinna í því að fjölga leikskólakennurum og þá ekki hvað síst karlkyns leikskólakennurum. Sagt var frá viðburðum í því sambandi og Degi leikskólans.

Fjallað var um SALEK og kjaraumhverfi leikskólakennara og áhersluna á að auka jákvæða umræðu um skólastarf hér á landi.

Færeyjar

Engin skýrsla var frá Færeyjum að þessu sinni.

Danmörk

DLF fjallar um stöðu barna flóttafólks í skýrslu sinni. Félagið hefur haldið námskeið í samstarfi við Rauðakrossinn til þess að undirbúa kennara fyrir móttöku og kennslu barnanna. DFL hefur sett sig á móti því að börnin séu þjónustuð utan skólanna, þau telja að tengja eigi þjónustu við börnin skólunum. Þau telja að aðlögun að dönsku samfélagi sé best borgið innan skólanna, en ekki úti í bæ af minna menntuðu fólki.

Danir hafa áhyggjur af því að nýliðun í grunnskólakennarastétt er ekki nægjanleg. Það hefur undanfarin ár orðið mikil fækkun í kennaranámi.

BUPL hefur miklar áhyggjur af sparnaði hjá sveitarfélögunum. Það er ljóst að mikill niðurskurður kemur niður á grunnþjónustu eins og leikskólum. Stofnuð hefur verið mótmælasíða til þess að mótmæla niðurskurði í sveitarfélögunum og verið er að skipuleggja aðgerðir í haust.

<http://www.virkelighedensvelfaerd.dk/hvad-vil-vi>

BUPL hefur miklar áhyggjur af mönnun leikskóla, en rannsóknir sýna að leikskólakennarar eru mjög oft einir yfir daginn með stóran hóp barna. Ekki er nægjanleg mönnun í leikskólum að mati félagsins og segjast um 89% félagsmanna oft hafa upplifað það að vera einir á deild.

Það er verið að endurskoða námskrá leikskóla í Danmörku og fylgist félagið náið með þeirri vinnu. Félagið segir afar mikilvægt að standa vörð um leikinn og láta ekki undan þrýstingi um stöðluð próf og akademískar áherslur.

Noregur

Í Noregi hefur verið lögð áhersla á það í vetur að semja og setja leikskólakennurum siðareglur. Frá og með 14 apríl sl. býðst kennurum siðferðileg ráðgjöf á vegum menntamálaráðuneytisins.

Haustið 2014 voru gerðar breytingar á lögum um leikskóla. Breytingarnar hafa verið mjög umdeildar og hefur leikskólakennarafélagið mótmælt þeim ítrekað. Fyrirhugaðar eru nokkrar umbætur sem voru gerðar á lögnum haustið 2015, en ennþá vantar staðfestingu löggjafans á þeim.

Leikskólakennarar eru óánægðir með þá sýn á barnið sem fram kemur í lögnum. Þeim finnst að leita eigi galla hjá börnum í stað þess að leita að styrkleikum hvers og eins. Þá eru þeir einnig óánægðir með skilgreiningu á störfum þeirra og hvað er á ábyrgð rekstraraðila og hvað er á ábyrgð leikskólakennaranna.

Norskir leikskólakennarar eru ósáttir við að ekki komi inn afleysing þegar þeir fara í undirbúningstíma. Það er oft erfitt að komast frá vegna manneklu og þeir segja að faglegt starf geldur þess og gæði leikskólanna hafa minnkað undanfarin ár.

Í haust er stefnt að því að leikskólakennarar í Osló fái launahækkunir umfram aðrar stéttir, leikskólakennarar hafa jafnt og þétt verið að dragast aftur úr viðmiðunarstéttum. Í fyrra fengu þeir 2,4% launahækkun og eiga að fá 2% núna í haust. Einkaleikskólar sem núna eru um 50% leikskóla í Noregi borga betur en borgarleikskólar.

Hægt er að lesa allar skýrslur félaganna hér: <http://nls.info/gemensamma-moten.html>

Júní 2016

Haraldur Freyr Gíslason formaður FL og

Fjóla Þorvaldsdóttir varaformaður FL og fulltrúi skólamálanefndar FL

Að vanda tókum við ljósmyndir og þær má sjá hér:

<https://www.flickr.com/photos/felagleikskolakennara/albums/72157668992541382>